Reykjavík 29. október 2026.

Til: Endurskoðunarnefnd Strætó bs.

Frá: Strætó.

Efni: Erindi til endurskoðunarnefndar.

Erindi I

Stjórn Strætó hefur óskað eftir að Deloitte haldi áfram sem innri endurskoðandi hjá Strætó út starfstíma Strætó en gert er ráð fyrir að Strætó verði slitið í lok árs 2028. Óskað er umsagnar endurskoðunarnefndar um málið.

Erindi II

Þar sem ljós er að Strætó verður slitið í lok árs 2028 er óskað eftir því að endurskoðunarnefnd Strætó láti í ljós álit sitt á því hvaða áhrif þetta getur haft á reikningsskil Strætó. Sem dæmi eru í efnahagsreikningi fært til eignar verðmæti vagna sem eru afskrifaðar á 12 árum og vafamál hvort við slit endurspegli það verðmæti sem mögulega hægt væri að fá fyrir þá við sölu. Óskað er eftir áliti á því hvort breyta þurfi reikningsskilum eða hvað þarf að hafa í huga þau tvö síðustu ár sem eftir eru af starfstíma Strætó bs..

Samtal um þessi mál hefur farið fram við ytri endurskoðendur félagsins en nauðsynlegt að mati stjórnenda Strætó að endurskoðunarnefnd sé upplýst um málið og hafi mögulega einhverja aðkomu að því, ef breyta þarf reikningsskilum.

Virðingarfyllst

Jóhannes Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó.